



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Nóvember 2017



2. nóvember 2017

3. tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- **Bros** kostar ekkert en ávinnur mikið
- **Bros** getur dimmu í dagsljós breitt

Nú hefur október flogið frá okkur með sínum fallegu haustdögum. Við tekur nóvember með með lækkandi sól og skemmtilegum skóladögum. Að loknu haustfríi nemenda og kennara, sem vonandi allir hafa nýtt til hvíldar og andlegrar uppbyggingar, tekur við seinni hluti haustannar.

Í október hófum við átak í umgengnismálum og munum við halda þeirri vinnu áfram. Við höfum hug á að halda skólaþing þar sem nemendur koma með lausnir að bættri umgengni og hvernig við getum unnið betur að því að bera meiri virðingu fyrir eignum okkar og annarra.

Nóvembermánuður byrjaði með viðtalsdegi þar sem foreldrar og nemendur mættu til samtals við umsjónarkennara. Tíundi bekkur bauð upp á vöffur og kaffi í fjárflyunarskíni fyrir skólaferðalagið sitt í vor.

Að sjálfsgöðu höldum við áfram að sinna helstu áherslum skólans og til að mynda tökum við þátt í Baráttudegi gegn einelti þann 8. nóvember með smíðjudegi þar unnið verður með hugtakið einelti, vináttuna og samskiptin.

Þar sem við í Glerárskóla erum Byrjendalæsis skóli minnum við á nauðsyn þess að nemendur þjálfist lestur og lesi daglega heima. Þetta á jafnt við um yngri sem eldri nemendur. Markmiðið er að efla læsi á alla vegu. „Læsi er lykillinn.“

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember þá munum við setja íslenska tungu sérstaklega í öndvegi og halda við þeim hefðum sem skapast hafa í Glerárskóla í tengslum við þann dag.

Glerárvision árleg söngkeppni Glerárskóla verður haldin 24. nóvember. Nú fara í hönd skemmtilegir dagar við æfingar og undirbúningi. Það eru 7.-10. bekkir sem keppa um besta söngatriðið en allir nemendur skólans taka þátt í hátíðinni.

Eins og alltaf eru forráðamenn velkomnir í skólann því það er alltaf gaman, gott og styðjandi að fá heimsókn.

Skólinn okkar er frábær og við höldum bjartsýn áfram við að styrkja jákvæða ímynd hans. Tölum vel um skólann okkar við hvert annað og út á við.

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Helga, Lalli og Aðalheiður



Efnisyfirlit:

Nóvember 2017	1
Tölvumál	2
Baráttudagur gegn einelti	2
Samsöngur	2
Eineltiskönnun	2
Endurskin og umferð	2
Skólareglur	3
Helstu atburðir	3
Útvarp Glerárskóli	4
Fræðsla	4
Öðruvísi dagar	4
Leiksýning	4
Mynd mánaðarins	4

Tölvumál í Glerárskóla



Við í Glerárskóla höfum unnið að því að efla tölvueign skólans. Nú í október keyptum við nýjar fartölur til afnota fyrir nemendur og eigum við nú orðið eitt bekkjarsett af þeim og rúmlega það. Jafnframt keyptum við átján I-pad spjaldtölur sem munu nýtast nemendum á ýmsa vegu. Fyrir áttum við tíu I-pada auk nokkurra Android spjaldtölva. Þá munu nemendur í 6. bekk fá Micro bit tölvukubba til afnota en þeir eru ætlaðir til kennslu í forritun.

Við hvetjum nemendur til að ganga vel um þessi nýju tæki okkar.

Baráttudagur gegn einelti



Í næstu viku, nánar tiltekið miðvikudaginn 8. nóvember n.k., er alþjóðlegur baráttudagur gegn einelti. Glerárskóli hefur um árabil tekið þátt í þessum degi. Í ár ætlum við að halda smiðjudag þar sem áherslan verður á einelti og unnið verður með vináttu og samskipti.

Hjálpumst að og tökum þátt í baráttunni gegn einelti.

Eineltiskönnun Olweusar

*verður framkvæmd
í skólanum seinni
hluta nóvember.*

*Könnunin verður
lögð fyrir
nemendur í
5.-10.bekk.*

*Niðurstöðurnar
veita okkur góðar
upplýsingar sem
nýtast skólanum vel
í vinnu með
eineltismál*

Samvinna við tónlistarskólann –samsöngur.

Í lok nóvember munu nemendur í 1.-7. bekk taka þátt í samsöng í Hofi í samvinnu við Tónlistarskólann. Þar verður söngstjóri Friðrik Dór. Kennarar og nemendur ætla að vera duglegir að æfa sig fram að þeim tíma.

Skipulagið er þannig:

Þriðjudagurinn 21. nóvember

kl. 9:30-10:10 1. bekkur allir grunnskólar

kl. 10:40-11:20 2. bekkur allir grunnskólar

Miðvikudagurinn 22. nóvember

kl. 9:30-10:10 3. bekkur allir grunnskólar

kl. 10:40-11:20 4. bekkur allir grunnskólar + 7. bekkur

Fimmtudagurinn 23. nóvember

Kl. 9:30-10:10 5. bekkur allir grunnskólar

Kl. 10:40-11:20 6. bekkur allir grunnskólar

Endurskinsmerki og varkárni í umferðinni

Nú er orðið áliðið að hausti og birta hér norðan heiða orðin af skornum skammti í morgunsárið og síðdegis. Við biðjum forráðamenn að brýna fyrir börnunum sínum að fara varlega í umferðinni. Nota gangstéttar, stíga og gangbrautir á leið sinni í og úr skóla.

Einnig biðjum við forráðamenn að merkja börnin vel með endurskinsmerkjum því þau geta verið lífsnauðsynleg þegar svartasta skammdegið gengur í garð.

Slysavarnardeildin á Akureyri mun gefa nemendum í unglingadeild endurskinsmerki. Við sendum Slysavarnardeildinni bestu þakkir fyrir.



Verum vakandi og „sjáumst“ í umferðinni!

Skólareglur

Nú hafa skólareglur Glerárskóla verið endurskoðaðar. Nýjar skólareglur má finna á heimasíðu skólans. Þær verða kynntar nemendum á næstu dögum. Viðmið við brotum á skólareglum eru í endurskoðun.

*Góð menntun er það næst besta
á eftir ýtinni móður*

Charles Schulz

Helstu viðburðir í nóvember og desember 2017

- 8. nóvember: Baráttudagur gegn einelti—Smiðjudagur
 - 9. nóvember: 7. bekkur. Aflið
 - 13.-17. nóvember: 7. bekkur—Reykjaferð
 - 15. nóvember: 10. bekkur—Fjármálafræðsla (Foreldrafræðsla að kvöldi)
 - 16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu—Litapemadagur
 - 17. nóvember: 10. bekkur—Fjármálavit
 - 20. nóvember: 9. bekkur— Grófin
 - 23. nóvember: Ævar vísindamaður heimsækir 3. - 6. bekk
 - 24. nóvember: Glerárvísið
 - 25. nóvember: Jólaföndur foreldrafélagsins frá kl. 11:00—13:00
 - 28. nóvember: Skáld í skólann
 - 27. nóv. –1.des. Útvarp Glerárskóli
-
- 1. desember: Fullveldisdagur. Þjóðfundur í HA 10.b.
 - 4. desember: 8. bekkur—Nethegðun
 - 19. desember: Litlu jól unglingastigs að kvöldi
 - 20. desember: Litlu jól miðstigs og yngstastigs—tvískipt að morgni
 - 21. desember—3. janúar: Jólafrí nemenda

**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

Öðruvísidagar og uppkomur í nóvember!

Fimmtudagurinn 2. nóvember:

Hrekkjavöku böll

—yngsta stig kl. 16:30—17:30

—miðstig kl. 18:30—20:30

Fimmtudagur 16. nóvember:

Litapemadagur

Föstudagur 24. nóvember:

Glerárvísið

Veikindi starfsmanna

Töluverð veikindi hafa verið í
starfsmannahópi skólans.
Soffía Guðmundsdóttir og Birna
Baldursdóttir eru komnar til
starfa eftir veikindafrí. Fríður
Gunnarsdóttir er á leið í
fæðingarorlof og mun Íris
Hafberg snúa til baka úr
fæðingarorlofi og taka við 2.
bekk. Salbjörg, Ingibjörg Kristín,
Guðríður og Eyrún eru enn í
veikindaleyfi

Útvarp Glerárskóli

*Þann 27. nóvember mun Útvarp Glerárskóli hefja
útvarpsútsendingar að nýju.*

*Sendir verða út þættir, spjall og tónlist
frá kl.08:00-18:00 til og með 1. desember.*

Nemendur sjá sjálfir um tæknivinnu og þáttagerð.

Skemmtileg tilbreyting í skólastarfið.

Fræðsla nóvembermánaðar!

Fimmtudagur 9. nóvember: 7. bekkur - Aflið

Föstudagur 17. nóvember: 10. bekkur—Fjármálafræðsla

Mánudagur 20. nóvember: 9. bekkur—Grófin-geðhjálp

Fimmtudagur 23. nóvember: 3.–6. bekkur—Ævar
vísindamaður

Leiksýning í boði MAK

Í byrjun desember er nemendum í 3. og 4. bekk boðið á
leiksýninguna „Stúfur snýr aftur.“

Sýningin er framhald sýningar um Stúf sem sýnd var

á síðasta ári. Sýningin verður í Leikhúsinu.

Við þökkum MAK fyrir frábært framtak og gott boð og hlökkum
til að sjá Stúf aftur.

Mynd augnabliksins!

